

EFTIRLITSSKÝRSLA

EBK Keflavíkurlflugvelli



Dags eftirlits	31.5.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	EBK	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Keflavíkurlflugvelli	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4604060210	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Dagný Helgadóttir	ÍSAT nr.	63.23.0
Fulltrúi fyrirtækis	Halldór Kristjánsson	Staðsetning	322.019 393.230

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert frávik frá kröfum starfsleyfis kom fram í eftirlitinu og engar ábendingar voru settar fram.

UMFANG EFTIRLITS

Um er að ræða olíubirgðastöð rekstraraðila á Keflavíkurlflugvelli sem er samtengd olíubirgðastöð ODR ehf. í Helgúvík með olíulögn inn á öryggissvæðið í kringum flugstöð Leifs Eiríkssonar. Rekstraraðili er ábyrgur fyrir þrýstiprófunum Helgúvíkurlagnarinnar frá tengibrunni á "Fuel West" lögninni og inn í stöð. Olíubirgðastöð rekstraraðila er einnig samtengd EAK hf. (Eldsneytisafgreiðslan á Keflavíkurlflugvelli) með svokallaðri „hydrantlögn“ sem endar í tengistútum á flughlaði fyrir eldsneytisafgreiðslur á flugvélar. ISAVIA er eigandi hydrantlagnarinnar en rekstraraðili sér um viðhald, eftirlit og þrýstiprófanir lagnarinnar.

Eftirlitið var tvíþætt að þessu sinni. Vettvangsheimsókn var framkvæmd þann 31. maí sl. en frekari yfirferð gagna og skráninga var í gegnum fjarfundarbúnað TEAMS þann 7. júní sl.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengi og aðkoma lóðar
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á mælingar og skil skv. 4. kafla. Eitt frávik kom fram við síðasta eftirlit er varðar að staðfesting á tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda upp á 1.000.000 SDR var ekki aðgengileg eftirlitsmönnum í eftirlitinu. Strax var brugðist við því frávikum að eftirliti loknu. Ein ábending var sett fram í síðasta eftirliti er varðar gátlista þar sem að skráð er hvað eigi að skoða í daglegum skoðunarferðum (eftirliti með mengunarvarnabúnaði).

Farið var yfir áhættumat vegna tíðni eftirlits frá síðasta eftirliti og það uppfært miðað við núverandi stöðu.

Nýtt starfsleyfi hefur verið gefið út um starfsemi rekstraraðila frá síðasta eftirliti þar sem nýr birgðageymir hefur verið byggður í stöðinni. Um er að ræða 3.800m³ geymi fyrir JET-A1 eldsneyti. Geymirinn hefur þó enn ekki verið tekinn í notkun og á eftir að gera á honum eldsneytispróf áður en hann verður tekinn til notkunar. Eftirlitsaðili óskar eftir að niðurstöður þess prófs verði sendar um leið og þær berast rekstraraðila. Af sökum Covid-19 faraldursins hefur umfang starfseminnar minnkað til muna frá síðasta eftirliti og er nú dælt inn í stöðinna að jafnaði 1x í viku í stað tvisvar á dag áður.

Olíuskiljur voru tæmdar og hreinsaðar þann 24. janúar sl. og eru þær sjónskoðaðar og mælingar gerðar með Macherey-Nagel prófi mánaðarlega. Ný 18m³ skilja var sett við stöðina árið 2019 í tengslum við byggingu nýja geymisins. Undantöppun geyma fer í neðanjarðar stáltank, í gegnum síubúnað og þaðan aftur inn í eldsneytisgeymana. Einungis ónothæfu eldsneyti er fargað sem úrgangseldsneyti og fer það í Örfirisey.

Geymar nr. 1, 2 og 3 voru þykktarmældir af tækniþjónustu HB í janúar 2020 og eru í lagi. Minnt er á að þykktarmæla þarf geymir nr. 4 og úrgangsolíugeymi nú í ár. Afgreiðslulögn frá Helgúvíkurstöð að móttökustöðvum Fuel East og EBK var þrýstiprófuð í apríl 2020 og er í lagi. Þrýstipróf á lögnum við geymi nr. 4 í stöðinni sem og á lögnum við geymi nr. 2 og pípu að Test Rig var gert árið 2020 og áframhaldandi notkun þeirra heimiluð.

Rekstrarhandbók var skoðuð í eftirliti en hún er einnig vistuð á rafrænu svæði rekstraraðila. Skráningar eru góðar og ekki gerðar athugasemdir þar um. Verið er að uppfæra áætlanir og verklagsreglur m.t.t. breytinga í stöðinni og óskar eftirlitsaðili eftir að fá áætlanirnar sendar að uppfærslu lokinni. Farið var yfir gátlista vegna skjálftaefirlits en sökum mikilla jarðhræringa á árinu hefur verið brugðist við þeirri áhættu með auknu eftirliti í lekaþróum stöðvarinnar.

Góð úrgangsflokkun er í stöðinni og gott utanumhald þar um. Kvittanir vegna úrgangslosunar til Kölku voru í rekstrarhandbók.

Gengið var um stöðina og umhverfi hennar skoðað. Hún er snyrtileg á að líta og hlið og girðingar í lagi. Sprungur hafa myndast í lekaþró eftir jarðskjálftanna síðustu misserin og verið er að vinna að úrlausnum við viðgerð á þeim í samvinnu við verkfræðistofu. Ekki var þó að sjá að sprungurnar næðu í gegnum þróna. Litið var ofan í brunna við olíuskiljur. Loki úr þrónni stóð opinn en verið var að hleypa úr þrónni eftir rigningar næturinnar og ekki gerð athugasemd þar um en minnt á að loki skuli alltaf standa lokaður nema þegar verið er að hleypa rigningarvatni niður úr þrónni.

ÁBENDINGAR

Engin ábending var sett fram í eftirlitinu.

ANNAÐ

Uppfært skírteini vegna bráðamengunar hafs og stranda var sent eftirlitsaðila í eftirlitinu og gildir tryggingin til 31. desember 2021.


Starfsmenn fá reglulega þjálfun í meðferð hættulegra efna og er fyrirhuguð stór æfing þann 8. júní n.k. með ÍSAVIA. Öryggisblað fyrir JET-A1 var til staðar.

Viðstaddur eftirlitið var einnig Baldur Halldórsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 24.06.2021



Guðbjörg Stella Árnadóttir